

Skýringar vegna álagningarseðils fasteignagjalda 2020.

Álagning fasteignagjalda fer skv.lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Í II. kafla um fasteignaskatt, 3. gr. segir :

Fasteignaskattur er reiknaður af álagningarstofni og lóðarmati, 0,32 % fyrir íbúðarhúsnæði og hesthús í þéttbýli, 1,65 % fyrir atvinnuhúsnæði og 1,32% af opinberu húsnæði.

Vatnsgjald er reiknað af álagningarstofni og lóðarmati, 0,155 % fyrir íbúðarhúsnæði og 0,19 % atvinnuhúsnæði.

Fráveitugjald er reiknað af fasteignamati og lóðarmati, 0,13 % fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.

Sorphirðugjald er kr. 17.350- fyrir hverja sorptunnu.

Sorpeyðingargjald er kr. 28.610.- á hvert fasteignarnúmer.

Lóðarleiga er 1,15 % af fasteignamati lóðar.

Öryrkjum og eldri borgurum er veittur afsláttur af fasteignasköttum og holræsagjaldi

íbúðarhúsnæðis til eigin nota í samræmi við

Reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega

Afsláttur reiknast sem hér segir:

Tekjur allt að 3.874.282 á einstakling, hjón allt að 5.423.994.....100 %

Tekjur allt að 4.148.568 á einstakling, hjón allt að 5.807.995.....75 %

Tekjur allt að 4.480.452 á einstakling, hjón allt að 6.272.634.....50 %

Tekjur allt að 4.837.229 á einstakling, hjón allt að 7.527.060.....25 %

Afslátturinn er reiknaður á grundvelli heildarárstekna heimilisins næsta ár á undan álagningarárinu. Það er að segja, afsláttur af fasteignasköttum ársins í ár miðast við tekjur ársins 2019. Þar af leiðandi er fyrst hægt að sækja um afsláttinn þegar skattframtali hefur verið skilað.

Umsækjendur skulu leggja fram umsókn, ásamt endurriti af skattframtali og örorkumatsvottorð, ef við á.

Hægt er að sækja um á íbúagáttinni á vefnum **www.vogar.is**, eignig má nálgast eyðublöð á vefnum og á bæjarskrifstofu.

Umsóknarfrestur er til 31. mars 2020.

Gjalddagar eru 10, frá og með 25. janúar til og með 25. október, eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.

Veittur verður 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti, séu gjöldin að fullu greidd eigi síðar en 20. febrúar 2020.